

Klambrar

2019 – 2020

Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs.

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



**MENNTASTEFNA
REYKJAVÍKURBORGAR
TIL 2030**



Efnisyfirlit

1	Greinargerð leikskólastjóra	3
2	Innra mat Klambra 2018-2019	5
3	Umbótaáætlun 2019-2020	5
3.1	Félagfærni.....	5
3.2	Læsi.....	6
3.3	Ungbarnadeildir.....	6
4	Ytra mat	7
5	Starfsþróunarsamtöl og fræðsla.....	8
6	Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.....	8
7	Foreldrasamvinna.....	10
8	Skipulagsdagar og leikskóladagatal	10
9	Fylgigögn.....	10
9.1	Fylgiskjal 1 - Samantekt um sérkennslu/stuðning.....	10
9.2	Fylgiskjal 2 - Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku.....	10
9.3	Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs	10



1 Greinargerð leikskólastjóra

Nýir og spennandi tímar er framundan í Klömbrum. Töluverðar breytingar verða á starfinu í vetur þar sem í fyrsta skipti verður starfrækt ungbarnadeild í leikskólanum. Haustið fer í að finna taktinn í starfinu hjá starfsfólki, börnum og foreldrum því töluverð áskorun fylgir breytingum. Samskipti foreldra og starfsfólks verða því enn mikilvægri svo börnunum líði sem best í leikskólanum.

Á Klömbrum verður Menntastefna Reykjavíkurborgar innleidd og nú þegar er byrjað að leggja drög af verkefnum fyrir haustið. Unnið verður með félagsfærni og læsi en það fellur vel að klambraandanum sem er leiðarljós leikskólans. Í lok starfsárs veður innleiðingarverkefnið metið sérstaklega og tekið saman í skýrslu. Verkefnastjóri, Ingibjörg Baldursdóttir, leiðir þessa vinnu.

Ákveðið hefur verið að nota vináttuverkefni barnaheilla, Blær, til að vinna að **félagfærni** barnanna í leikskólanum en hugmyndafræði og gildi verkefnisins byggir á nýjustu rannsóknum á einelti og því að mikilvægt sé að verkefnið skuli vera samofið öllu skólastarfi. Verkefnin skulu vera raunhæf fyrir börnin, starfsfólk og foreldra en þátttaka allra er mikilvæg svo vel takist til. Markmið verkefnisins er að allir í Klömbrum eigi góð samskipti og tileinki sér jákvæð viðhorf. Með þessu sköpum við góðan staðarbrag þar sem börn fá að njóta sín í vinnu sem byggir þau upp til að takast við þau verkefni sem býður þeirra að leikskóladvöl lokinni.

Hugmyndafræði vináttuverkefnisins Blæs endurspeglast í eftirtöldum fjórum gildum:

- **Umburðarlyndi**

Að viðurkenna og skilja mikilvægi og gildi fjölbreytileikans og að koma fram við alla aðra af virðingu.

- **Virðing**

Að viðurkenna og taka tillit til allra barnanna í hópnum, að vera öllum góður félagi og að virða margbreytileikann innan hópsins.

- **Umhyggja**

Að sýna öllum börnum áhuga, samkennd, samlíðan og hjálpsemi. Að hafa skilning á stöðu annarra.

- **Hugrekki**

Að þora að láta til sín heyra og geta sett sér mörk. Að vera hugrakkur og góður félagi sem bregst við óréttlæti.



Mikilvægi félagsfærni er ótvíræð en í samskiptum má ekki gleyma læsi og hæfni barna til þátttöku. Huga þarf að öllum þáttum máls svo sem tjáningu og frásögn, hlustun, hljóðkerfisvitund, orðaforða og málskilningi og ritmáli ásamt félagslegu tungumáli, áhuga, styrkleikum barna og félagslegu tungumáli. Að geta tjáð sig með góðu móti er einn af lykllum félagsfærni. Á starfsárinu verður sérstaklega unnið með skráningar tengdar læsi þar sem starfsmenn og foreldrar taka saman stöðu hvers barns og vinna út frá því.

Þematengd verkefni verða notuð til að efla hlustun og einbeitningu og sögur til að bæta við orðaforðann. Unnið verður með sköpun í tengslum við sögurnar þar sem börnin endurupplifa sögurnar og eða búa til sínar eigin.

Helstu verkefni starfsársins 2019-2020 verða því að innleiða menntastefnuþættina félagsfærni og læsi ásamt því að nýja og spennandi verkefni að vinna með yngstu börnunum eins til tveggja ára.

Verkefni sem eiga fastan sess í starfinu en verða ekki metin sérstaklega á starfsárinu eru til dæmis, umhverfismennt þar sem græn fánanum er veifað, listasmiðju verkefni, matstofan, sjálfræði barna og margt fleira.

Gleðilegt starfsár allir sem koma að leikskólalífínu í Klömbrum.

Ásdís Olga Sigurðardóttir, leikskólastjóri.



2 Innra mat Klambra 2018-2019

Innra mat á starfi leikskólans var gert í sameiningu þar sem rætt var á skipulagsdögum, deildarfundum og deildarstjórafundum hvernig til tóks á líðandi starfsári einstaka verkefni, starfið á deildum og leikskólinn í heild. Helstu niðurstöður bentu til að betur þurfi að gera í félagsfærni og læsi og allar deildar fara á stað með svipuð verkefni byggð á áherslum úr menntastefnu Reykjavíkurborgar eins og fjallað er um í greinagerð leikskólastjóra.

3 Umbótaáætlun 2019-2020

Umbótaþættir starfsársins er unnin út frá innra mati síðasta starfsárs og áherslupáttum nýrrar menntastefnu Reykjavíkur. Unnið verður sérstaklega með félagfærni og læsi og starfshættir aðlagaðir samkvæmt því.

Á leikskólanum verða nú í fyrsta skipti ungbarnadeildar og mun starfið á Hlíð og Holti einkennast af því ásamt því að innleiða félagfærni og læsi mun umhyggja og umönnun gegna stóru hlutverki á þessum deildum þar sem aðlaga þarf starfið að þörfum yngstu barnanna.

Til að styrkja enn frekar fagmennsku starfsmannahóps Klambra mun allt endurmat fara fram á sameiginlegum fundum, annars vegar á deildarfundum og hins vegar hjá stjórnendateymi og verkefnastjóra menntastefnunnar.

3.1 Félagfærni

Markmið með umbótum er að auka félagfærni barna og styrkja þau í tjáningu sín á milli og byggja upp jákvæðan staðarbrag sem hefur áhrif á alla sem koma að starfinu.

Aðgerðir til umbóta: Vináttuverkefni Barnaheilla *Blær* verður aðal verkfæri starfsmanna þar fjallar er sérstaklega um umburðalyndi, virðingu, umhyggju, og hugrekki.

Tímaáætlun verkefnið mun standa yfir allt starfsárið.

Ábyrgðaraðili: allir starfsmenn munu bera ábyrgð á að bæta sína starfshætti með tilliti til verkefnisins. Stjórnendateymi og verkefnastjóri verkefnisins mun þá sjá um að verkefnið fái brautargengi og haldi áfram í starfinu.

Endurmat mun fara fram á deildarfundum og sérstökum verkefnafundum tengdum verkefninu einu sinni í mánuði.



Viðmið um árangur er að börnin öðlist færni í að starfa saman, setja sig í spor annarra og sýna öðrum góðvild og virðingu.

3.2 Læsi

Markmið með umbótum er að efla hlustun og einbeitningu, tjáningu og skilning.

Aðgerðir til umbóta: Starfsfólk mun vinna þematengd verkefni með börnunum þar sem unnið er með sömu söguna í langan tíma í einu.

Tímaáætlun verkefnið mun standa yfir allt starfsárið.

Ábyrgðaraðili: allir starfsmenn munu bera ábyrgð á að bæta sína starfshætti með tilliti til verkefnisins. Stjórnendateymi og verkefnastjóri verkefnisins mun þá sjá um að verkefnið fái brautargengi og haldi áfram í starfinu.

Endurmat mun fara fram á deildarfundum og sérstökum verkefnafundum tengdum verkefninu einu sinni í mánuði.

Viðmið um árangur er að börnin fái áhuga á að vinna með sögur, sýni hæfni í að hlusta og nota orðaforða sem unnið er með í hvert skipti einnig að leikur þeirra endurspegli þessa vinnu.

3.3 Ungbarnadeildir

Markmið með umbótum er að aðlaga yngstu börnin að leikskólaumhverfin og starfsmenn hugsanlega að tileinka sér nýja starfshætti

Aðgerðir til umbóta: Aðlaga umhverfi og starfshætti svo það henti yngstu börnunum sem best.

Tímaáætlun verkefnið mun standa yfir allt starfsárið.

Ábyrgðaraðili: allir starfsmenn á deildunum munu bera ábyrgð á að aðlaga starfshætti sína og skapa umhverfi sem hentar yngstu börnunum.

Endurmat mun fara fram á deildarfundum og sérstökum verkefnafundum tengdum verkefninu einu sinni í mánuði. Foreldrar verða beðnir um að gefa endurmat.

Viðmið um árangur verður að umhverfi sé hlýlegt og skapi öryggistilfinningu og vellíðan fyrir börn og foreldra.



4 Ytra mat

Gerð var foreldrakönnun á síðasta starfsári. Helstu niðurstöður bentu til að bæta mætti samskiptin milli starfsfólks og foreldra. Eftirfarandi er sett í umbótaráætlun.

Markmið með umbótum er að veita foreldrum upplýsingar um starfið reglulega og markvisst.

Aðgerðir til umbóta: Foreldra og kynningarfundir verða á aðlögunartíma þar sem allir nýjir foreldrar dvelja í leikskólanum eða börnunum sínum. Reglulegar upplýsingar sendar út til foreldra í gengum tölvupósti og fréttir á heimasíðu leikskólans.

Tímaáætlun verkefnið mun standa yfir allt starfsárið en áhersla á kynningar að hausti.

Ábyrgðaraðili: Stjórnendateymi ber ábyrgð á samskiptum.

Endurmat mun fara fram á fundum með stjórnendateymi einu sinni á önn. Foreldrar verða beðnir um að gefa endurmat.

Viðmið um árangur að foreldrar upplifi sig velkomin í leikskólann og hafi yfirsýn yfir starfið.



5 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Starfsþróunarsamtöl eru að hausti (okt-nóv) þar sem starfsmaður greinir frá áherslum sínum í tengslum við starfsáætlun og umræðu um símenntun. Aftur eru samtöl að vorönn (mars) þar sem rætt er um hvernig starfið hefur gengið og hvað má betur fara einnig er rætt um líðan, árangur og hvert stefnir á næsta vetri. Starfsmenn fá undirbúningsblað áður en þeir fara í samtal við leikskólastjóra.

Fræðsla á starfsárinu verður í tengslum við innleiðingarþætti menntastefnunnar, félagsfærni og læsi ásamt áherslum í starfi með yngstu börnunum.

- 14. ágúst - Sigga Anna og Kristjana frá Klettaborg kynna þjóðsöguverkefni sem við tengjum við menntastefnuverkefnið okkur í læsi.
- 23. ágúst – skipulagsdagur, kynning á menntastefnunni og fræðsla frá Sögu Stephensen um fjölmenningu sem tengist menntastefnuverkefni og fellur undir félagsfærni og læsi.
- 2. október – skipulagsdagur, mat á menntastefnuverkefnum, staða og endurmat. Foreldrasamtöl unnin.
- 30. janúar – skipulagsdagur, heimsókn á leikskóla í tengslum við menntastefnu. Hópefli.
- 7. febrúar – skipulagsdagur, Dagur leikskólans, starfsmenn fara á ráðstefnu SFS.
- 30. apríl – skipulagsdagur, mat á menntastefnuverkefnum, staða og endurmat. Foreldrasamtöl unnin.
- 2. júní - skipulagsdagur, starfsáætlun unnin og menntastefnuverkefni tekið saman og unnið fyrir skil á skýrslu.

6 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Árið 2007 var farið af stað með þróunarverkefni sem fékk nafnið Skilaboðaskjóðan. Þetta verkefni er samstarfsverkefni milli leikskólanna Klambra, Nóaborgar og Stakkaborgar og grunnskólans Háteigsskóla. Markmiðið með verkefninu er að brúa bilið á milli leik- og grunnskóla og að gera börnin öruggari einstaklinga þegar kemur að því að skipta um skóla.

Þróunarverkefninu lauk vorið 2008 en vegna þess hversu vel gekk var ákveðið var að halda samstarfinu áfram undir sama nafni. Verkefnið hefur skilað sér með sýnilegum árangri þegar börnin byrja saman í 1. bekk í Háteigsskóla um haustið og tala kennararnir um að þetta skapi börnunum traust og öryggi þegar þau byrja í skólanum.



Verkefnið snýst um að gefa krökkunum tækifæri á að hitta framtíðar bekkjarfélaga sína, því Háteigsskóli er hverfis grunnskólinn fyrir leikskólana þrjá. Allir skólarnir fara í heimsóknir sín á milli. Þar eru sungin saman lög og svo leika sér allir saman. Þessar heimsóknir vekja alltaf mikla lukku. Það er spennandi að skoða aðra leikskóla í hverfinu, skoða nýtt dót, leika sér á nýju útisvæði og hitta nýja krakka. Mest spennandi er þó þegar leikskólarnir fara í heimsókn í Háteigsskóla. Þar hitta þau oft fyrrum leikskólafélaga og fá að sitja inni í kennslustund og fá smjörþefinn af því hvernig er að vera í skóla ásamt því að kanna útisvæði.

Skólarnir fjórir hittast nokkrum sinnum yfir veturinn, fyrir jólin hittast allir í Háteigsskóla og syngja saman jólalög og borða smákökur. Á vorin hittast allir í salnum í Háteigsskóla og syngur hver skóli eitt lag uppi á sviði fyrir hina. Á vorin hittast einnig allir úti á Klambratúni. Þá kemur hver skóli með einn undirbúinn leik og svo leika sér allir saman.

Á haustin funda allir deildarstjórar og grunnskólakennarar saman og ákveða tímasetningar á heimsóknum haustannarinnar. Samskonar fundur er haldinn í janúar til að skipuleggja vorönnina. Einnig er haldinn ígrundunarfundur á vorin til að fara yfir veturinn.

Hér má sjá dagsetningar skólaársins 2018-2019:

12. október kl. 9:30: 1. GM heimsækir Nóaborg	22. janúar: Stakkaborg heimsækir Háteigsskóla kl. 10:15
16. október kl. 9:30: 1. EBE heimsækir Nóaborg	22. janúar: Nóaborg heimsækir Klambra kl. 9:45
24. október kl. 9:30: Klambrar heimsækja Nóaborg	29. janúar: Klambrar heimsækja Háteigsskóla kl. 10:15
26. október kl. 9:30: 1. GM heimsækir Klambra	30. janúar: Nóaborg heimsækir Stakkaborg kl. 10:00
30. október kl. 9:30: 1. EBE heimsækir Stakkaborg	12. febrúar: Nóaborg heimsækir Háteigsskóla kl. 10:15
31. október kl. 9:30: Klambrar heimsækja Stakkaborg	12. febrúar: Klambrar heimsækja Stakkaborg kl. 13:00
2. nóvember kl. 9:30: 1. GM heimsækir Stakkaborg	20. febrúar: Klambrar heimsækja Nóaborg kl. 9:45
6. nóvember kl. 9:30: 1. EBE heimsækir Klambra	27. febrúar: Stakkaborg heimsækja Klambra kl. 9:30
13. nóvember kl. 9:30: Nóaborg heimsækir Klambra	13. mars: Stakkaborg heimsækja Nóaborg kl. 9:30
14. nóvember kl. 10:00: Stakkaborg heimsækir Nóaborg	2. apríl: 1. GM heimsækir Stakkaborg kl. 12:35
21. nóvember kl. 10:00: Nóaborg heimsækir Stakkaborg	30. apríl: 1. GM heimsækir Klambra kl. 9:00
28. nóvember kl. 9:30: Stakkaborg heimsækir Klambra	3. maí: Samvera í sal kl. 10:10. Hver hópur er með atriði uppi á sviði.
10. desember kl. 10:15: Jólasöngur í Háteigsskóla.	24. maí: Klambratún kl. 10:20. Hver hópur kemur með einn leik.
Boðið verður upp á piparkökur og safu í stofum 1. bekkinga eftir samsönginn.	29. maí kl. 16:30: Kaffisopi á Kjarvalsstöðum – ígrundun



7 Foreldrasamvinna

- **Foreldraráð**, við hefjum starfsárið með sama foreldraráði og starfaði síðastliðið starfsár. Þrír foreldrar sitja í foreldraráði ásamt leikskólastjóra og fulltrúa leikskólans.
- **Foreldrafundur** eru í tengslum við aðlögun svo nýjir foreldrar fái góðar upplýsingar um starfið í leikskólanum að hausti.
- **Foreldrasamtöl** eru í október og mars, foreldrum allra barna er fundinn tími, reiknað er með háftíma fyrir hvert barn. Ef þurfa þykir að hafa fleiri foreldrasamtöl er það gert í samráði við foreldra í hvert skipti.
- **Foreldrafélag** er starfandi. Tilgangur þess er m.a. að efla tengsl barna og foreldra og styðja við ákveðna starfsemi í leikskólanum. Hefð er fyrir því að foreldrafélagið standi fyrir vorhátíð ár hvert og sjái um skemmtiatriði og Krakkahesta. Einn tengiliður er í foreldrafélaginu frá leikskólanum.

8 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

9 Fylgigögn

9.1 Fylgiskjal 1 - Samantekt um sérkennslu/stuðning

9.2 Fylgiskjal 2 - Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku.

9.3 Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs

F. h. leikskólans

Ásdís Olga Sigurðardóttir, Magnea Hafberg Sverrisdóttir og Heiða Kristín Másdóttir

Leikskólastjóri

Dagsetning 30.09.2019



Fylgiskjal 1

Samantekt um sérkennslu/stuðning

Sérkennslustjóri mun yfirfara verklagsreglur og sjá um ráðgjöf og stuðning við starfsmenn og foreldra.

Vísbending	Já eða nei/fjöldi	Ef nei, þarf að koma tímasetning um áætlun á innleiðingu hér.
Hversu mörg börn í 1. flokki njóta sérkennslu/stuðnings í leikskólanum?	0	
Hversu mörg börn í 2. flokki njóta sérkennslu/stuðnings í leikskólanum	1	
Hversu mörg börn njóta sérkennslu/stuðnings í leikskólanum frá sérkennslustjóra (önnur en börn í 1. og 2. flokki)		Ekki er komin nákvæm tala en hátt hlutfall tvítyngdra barna gefur til kynna að það verði stór hópur barna sem fær sérstaka málörvun í litlum hópum.
Hve margir sinna sérkennslu/stuðningi í leikskólanum?	1	Einn starfsmaður sinnir stuðningi fast alla daga en deildarstarfsmenn og sérkennslustjóri sjá um málörvun
Er til áætlun um málörvun í leikskólanum?	nei	Sérkennslustjóri og verkefnastjóri menntastefnu vinnur að áætlun haustið 2019, áætlaður lokadagur janúar 2020. Unnið er út frá niðurstöðum greiningu á málþroska barnanna.
Er til áætlun um snemmtæka íhlutun í leikskólanum?	nei	Sérkennslustjóri vinnur að áætlun haustið 2019, áætlaður lokadagur janúar 2020.
Eru gerðar einstaklingsnámskrár í samvinnu við hagsmunaaðila (foreldrar, börn og starfsfólk)	Já	Gert í samvinnu við foreldra í fyrsta viðtali að hausti
Eru einstaklingsnámskrár í virkri notkun?	já	Unnið jafnt og þétt að einstaklingsnámskrá yfir allt árið, hún endurmetin jafnóðun.
Þekkir starfsfólk deildarinnar þær áherslur sem verið er að vinna með hverju sinni fyrir börn með stuðning?	já	
Eru regluleglulegir teymisfundir með foreldrum/forráðamönnum og öðrum sérfræðingum sem að barninu koma?	já	
Er veitt ráðgjöf og stuðningur til foreldra?	já	



Er samstarf við þjónustumiðstöð og aðrar stofnanir?	Já	Þjónustumiðstöð MVH og greiningarmiðstöð
Er samvinna milli sérkennslustjóra og starfsmanna leikskólans?	Já	
Veitir sérkennslustjóri fræðslu, ráðgjöf og stuðning til starfsmanna?	Já	

Niðurstöður innra mats : Skýra þarf verkferla og búa til skrifleg gögn og áætlanir. Hafa þarf öll gögn aðgengileg og á vísun stað.



Fylgiskjal 2

Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku.

Í Klömbрум er um 50% barna með annað tungumál en íslensku. Skipulagt starf fléttast inn í menntastefnu áherslur þar sem unnið er með félgsfærni og læsi.

Vísbending	Já eða nei	Hvernig?/Með hvaða aðferðum?/Dæmi
Vinna með íslensku sem annað mál og virkt tvítyngi	já	Í daglegum athöfnum, með myndrænu skipulagi og myndum af ýmsum athöfnum og hlutum. Blæ og söguverkefni.
Er markviss vinna með daglegan orðaforða? (grunnorðaforða)	já	Í samverustundum og í daglegum athöfnum. Í hvíld, fataklega og frjálsum leik. Starfsmenn vinna með litla hópa og leggur orð á allar athafnir
Er markvisst verið að dýpka orðaforða barnanna?	já	Í samverustundum og í daglegum athöfnum. Í hvíld, fataklega og frjálsum leik. Starfsmenn vinna með litla hópa og leggur orð á allar athafnir
Er fylgst með framförum barnanna?	já	Já verkefnastjóri heldur utanum skráningar og trasar ásamt sérkennslustjóra
Er hugað að öllum þáttum máls og virkri þátttöku barnanna? <ul style="list-style-type: none"> • Orðaforði og málskilningur • Tjáning og frásögn • Hlustun og hljóðkerfisvitund • Ritmál • Félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar, löngun 	ja	Vísað í menntastefnu innleiðingu



Fylgiskjal 3

Starfsáætlun 2019 – 2020 Klambrar

Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa:

Elísabet Bjarnadóttir

Sverrir Sigmundarson

Ólöf Dröfn Sigurbjörnsdóttir

14



Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla og frístundaráðs til samþykktar.



Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.



Umsögn foreldraráðs:

Heilt á lítið leggst tillaga að starfsáætlun fyrir árið 2019-2020 vel í foreldraráð.

Ráðið vill þó koma á framfæri athugasemd þess efnis að enn er vöntun á áætlun eða stefnu um hvernig sé best að haga samskiptum við foreldra barna með annað móðurmál en íslensku.

Með hliðsjón af þeirri staðreynd að 50% barna á leikskólanum koma frá heimilum sem tala annað tungumál en íslensku, þá telur foreldraráð brýnt að leikskólinn sé í stakk búinn til þess að koma til móts við þá foreldra sem hafa lítið vald á bæði íslensku og ensku. Sá hópur foreldra er hugsanlega í veikari stöðu og líkur eru á því að þau eigi í erfiðleikum með að koma til skila, til starfsmanna, upplýsingum sem varða börnin þeirra, eða spurningum um líðan þeirra í leikskólanum.

Foreldraráð myndi vilja sjá drög að aðgerðaáætlun, þar sem að fram kemur hvernig leikskólinn ætlar að koma til móts við þennan hóp, til að fyrirbyggja að þessir foreldrar einangrist vegna tungumálaörðugleika.

Fyrir hönd foreldraráðs Klambra;

Elísabet, Sverrir og Ólöf



